

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1661  
komudagur 19.4.2000

Nefndasvið Alþingis – Heilbrigðis- og trygginganefnd  
B/t Helgu Þórisdóttur nefndarritara  
Þórshamri við Templarasund  
150 Reykjavík



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

Reykjavík, 18. apríl, 2000.

**Efni: Frv. til l. um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994 og lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 (401. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri til að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að sett verði á stofn Lyfjamálastofnun sem taki við verkefnum Lyfjaeftirlits ríkisins og Lyfjanefndar ríkisins.

Í 6. málslíð 20. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ekki skuli veita leyfi til reksturs lyfjaútibús í þeim byggðarlögum þar sem þegar er starfrækt lyfjaútibú á hærra þjónustustigi. Ekki er gerð frekari grein fyrir því hvernig lyfjaútibúum skuli skipað í flokka eftir þjónustustigi, en gert er ráð fyrir því að ráðherra setji reglur þar að lútandi. Verslunarráð telur að það eigi ekki að skipta máli við úthlutun leyfa til reksturs lyfjaútibúa hvort þegar sé starfrækt annað lyfjaútibú í viðkomandi byggðarlagi. Samkeppni á sviði lyfsölu eigi að vera frjáls og því skuli þetta ákvæði falla niður.

Rétt er að benda á að í 24. gr. frumvarpsins eru röng númer við 1. og 2. tölulíð 1. mgr.

Að öðru leyti gerir Verslunarráð ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands

  
Guðríður Margrét Kristjánsdóttir

Póstáritun:  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: mottaka@chamber.is  
Website: www.chamber.is